

GOTTSKÁLK JENSSON

TVÆR DÆMISÖGUR ESÓPS  
OG LATNESK SKRIFARAVERS  
Í FORMÁLA ADONIAS SÖGU  
OG TENGLS ÞEIRRA VIÐ LATÍNUBROTIN  
Í ÞJMS FRAG 103, 104 OG AM 732 b 4to

ADONIAS SAGA er suðræn fornaldarsaga um átök og undirferli kóngafólks og hertoga í löndunum við Miðjarðarhafið, frumsamin af óþekktum Íslendingi. Sagan er varðveitt í tugum handrita frá ýmsum tímum sem bera vinsældum hennar vitni, þau elstu skinnbækur frá 15. öld, en sagan er talin rituð á síðari hluta 14. aldar eða í byrjun 15. aldar. Textinn virðist heill en formálinn er þó einungis varðveittur í einu handritanna, AM 593 a 4to, sem talið er skrifað á síðari hluta 15. aldar.<sup>1</sup> Það handrit var lagt til grundvallar útgáfu sögunnar í *Late Medieval Icelandic Romances* (Kaupmannahöfn 1963) sem Agnete Loth annaðist. Er söguna þar að finna í þriðja bindi ritraðarinnar, á blaðsíðum 67–230, ásamt enskri endursögn neðanmáls. Þótt formálinn sé jafn fágætur í handritunum og raun ber vitni hefur Sverrir Tómasson sett fram haldbær rök fyrir því að hann hafi fylgt sögunni í upphafi og sé skrifaður af söguhöfundinum. Í formálanum eru endursagðar tvær fornar dýraföblur en sömu dýr og þar koma fyrir eru einnig látin einkenna tvær helstu persónurnar í sögunni, hertogann Constantius og son hans Albanus.<sup>2</sup> Við þetta má bæta að samskonar prósarím kemur fyrir í dæmisögum formálans og í lokaorðum sögunnar. Vegna brenglunar í uppskrift latneskra skrifaravsa í formálanum, sem ekki kemur fram í þýðingu sömu versa, er ljóst að formálinn í AM 593 a

- 1 Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1988), 359–60. Zitzelberger, „Adonias saga,“ *Medieval Scandinavia: An Encyclopedia*, ritstj. Phillip Pulsiano (New York: Garland, 1993), 2, virðist ókunnugt um nýja aldursgreiningu brotsins AM 657 VI b 4to.
- 2 Sverrir Tómasson, „The fræðisaga of Adonias,“ *Structure and Meaning in Old Norse Literature: New Approaches to Textual Analysis and Literary Criticism*, ritstj. John Lindow, Lars Lönnroth og Gerd Wolfgang Weber (Odense: Odense University Press), 390–93; *Formálar íslenskra sagnaritara*, 298–300.

4to er kominn úr enn eldri skinnbók. Því hafa að minnsta kosti verið tvö handrit með formálanum. Til þess að skýra hvers vegna formálinn hefur verið felldur brott úr flestum uppskriftum sögunnar bendir Sverrir á að hann flytji ádeilu á græðgi og uppivöðslusemi valdastéttarinnar en uppskriftir sögunnar hafi einmitt verið gerðar fyrir meðlimi sömu stéttar sem þess vegna hafi aðeins viljað fá söguna en ekki ádeiluna.<sup>3</sup> Erfitt getur verið að prófa þessa kenningu þótt hún virðist alls ekki ósennileg.

Formálinn var fyrst gefinn út á prenti stakur árið 1960, þá með þeim rökum að hann væri ótengdur sögunni sjálfri.<sup>4</sup> Helsta ástæða prentunarinnar var sú að formálinn geymdi íslenskar þýðingar tveggja dæmisagna eftir Esóp. Sú fyrri fjallar um hrafn uppi í tré með ostbita í munninum sem refur platar með skjalli til að syngja, svo hann missir ostinn, sem rebbi hreppir, en sú síðari um úlf sem veitist ranglega að lambi fyrir að spilla fyrir sér vatninu í læk sem þau drekka úr bæði, lambið þó neðan straums frá úlfinum, þegar lambið stendur á rétti sínum neytir vargurinn aflsmunar og étur það. Útgefandi formálans, Ole Widding, flokkar dæmisögurnar tvær eftir söguminnnum með tilvísun í mikla skrá sem þjóðfræðingurinn Stith Thompson birti upp úr miðri síðustu öld og geymir nákvæma útlistun söguminna frá ýmsum heimshornum.<sup>5</sup> Þegar flett er í þessari skrá og skoðuð þau textasöfn sem þar eru nefnd virðast engin þeirra koma til greina sem bein heimild dæmisagnanna tveggja. Hvorki Widding né Sverrir Tómasson benda á ákveðna fornaldar- eða miðaldertexta með þessum dæmisögum sem hafa getað þjónað sem fyrirmyndir dýrasagnanna í formála *Adonias sögu*.

Svipaðar sögur og þær sem hér um ræðir er þó að finna á forngrísku í dæmisagnasafni Esóps á frummálinu sem Karl Halm gaf út í *Fabulae Aesopicae Collectae* (Leipzig 1889) og sömuleiðis í latneskum ævintýrum teknum úr stólræðum franska kanúkans Jacques de Vitry (d. 1240) sem Thomas Crane gaf út í *The exempla or Illustrative stories from the Sermones Vulgares of Jacques de Vitry* (London 1890). Fyrri textann má hiklaust útiloka sem beina heimild vegna bókaskorts og takmarkaðrar grískukunnáttu íslenskra klerka á miðöldum en í stólræðum kanúkans hefur sögunum

3 Sama rit, 298–300.

4 Ole Widding, „Om rævestreger,“ *Opuscula I* (1960): 331: „ganske løs – eller slet ingen – tilknytning.“

5 Stith Thompson, *Motif-Index of Folk-Literature* (Bloomington: Indiana University Press, 1955–58), K334.1, U31.

verið þrjónað inn í predikunarramma sem ekki svarar til neins í formála *Adonias sögu*.

Sverrir Tómasson, sem gert hefur leit að frumtextunum, segist ekki hafa fundið sama afbrigði í prentuðum útgáfum af latneskum dæmisögum Esóps.<sup>6</sup> Eins og kunnugt er hefur þess háttar sagnaefni gjarnan ferðast á milli mála og þá stundum hafið ferðina í Austurlöndum en síðar náð til Vesturlanda þar sem sögurnar eru varðveittar á klassísku málunum jafnt sem þjóðtungum. Höfundur *Adonias sögu* hefur sjálfur orð á þessu margtyngi safnaefnisins:

⟨M⟩argir fyrri menn og fróðir meistarar leituðu á marga vega listir ok fræði saman at setja eptirkomandi mönnum til minnis ok skemmtanar, ok margir af þeim – þeir menn sem fræddir voru mörgum tungum – fóru víð⟨a⟩ um heiminn fyrir sakir forvitni at verða vísir þeirra hluta ok hinna stæ⟨r⟩stu atburða sem í því landi sérhverju hafa gjörz, ok eptir þeirra frásögn hafa hverir sem einir þær sömu fræðisögur fært til sinnar tungu, en sumir sett í látínu ok aukit svó út síðan með meiri fjöld orðanna en í fy⟨r⟩stu voru framið, ok hafa þar margir á sýnt sína málsnilld.<sup>7</sup>

Greinilegt er af orðum höfundarins að hann tekur mið af latínu og virðist vænta þess að mest sé borið í „málsnilld“ eða stíl latínurita. Það er í samræmi við annað sem við vitum um bækur á Íslandi á ritunartíma *Adonias sögu*. Eins notar hann latnesk heiti yfir dæmisögur, *fabulas* og *fabula*, í dæmisögum sínum. Því er ekki óeðlilegt að hugsa sér að þessi óþekkti íslenski klerkur hafi kynnst dæmisögunum tveimur á latínumáli.

En hvar var helst að finna dæmisögur kenndar við Esóp um hrafn og ref eða úlf og lamb í latneskum bókum á miðöldum? Skólamenn á miðöldum voru afar hrifnir af latneskum kveðskap og höfðu jafnframt tröllatrú á utanbókarlærdómi. Að yrkja um kennsluefnið á latínu voru menntavísindi þess tíma. Af þessum sökum var latnesk málfræðikennsla sett í vers, svo sem í *Doctrinale puerorum* eftir Alexander frá Villa-Dei og *Grecismus*

6 Sverrir Tómasson, „The fræðisaga of Adonias,“ 383; *Formálar íslenskra sagnaritara*, 294.

7 *Late Medieval Icelandic Romances III*, útg. Agnete Loth. Editiones Arnemagnæanae B 22 (Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1963), 69. Sumt í tilvitnuðum pósti, til að mynda umræðan um fróða menn á fyrri tíma, minningu, skemmtun og sögur á mörgum tungum, minnir á formála *Strengleika* og gæti verið skrifað undir áhrifum frá honum þótt ótvíráð líkindi orðalags séu torfundin.

eftir Eberhard af Béthune, sem höfundur *Fjórðu málfræðiritgerðarinnar* hefur þekkt. En þekktustu latínukvæði miðalda voru tvíhendur Katós eða *Disticha Catonis*, eins og verkið heitir á frummálinu, sem höfundur *Fyrstu málfræðiritgerðarinnar* frá því um miðja 12. öld þekkti og voru snemma á öldum íslenskaðar í *Hugsvinnsmálum*. Í skólabókum fylgdu gjarnan tvíhendum Katós aðrir kvæðaflokkar eftir virta höfunda, svokallaða *au(c)-tores*, sem þóttu yrkja uppbyggilega fyrir nemendur að lesa og tileinka sér.

Slík kvæðasöfn eru nefnd *Liber Catonianus*. Í þeim elstu var að finna auk *Disticha Catonis* kvæði eftir fimm önnur skáld og var þá safnið stundum nefnt *Sex auctores*. Þar á meðal voru dæmisögur Esóps á latínu undir elegískum hætti, ortar á 4. öld af Avianusi nokkrum sem annars er lítið vitað um. Kvæði Avianusar eru 42 að tölu og segja eina dæmisögu hvert en ekkert þeirra fjallar um viðskipti hrafns og refs eða úlfs og lambs og því kemur þetta safn heldur ekki til greina sem heimild *Adonias sögu*. Önnur þekkt dæmisagnasöfn Esóps á latínu í bundnu máli voru til, hið elsta kennt við Phaedrus (1. öld), sem þó var ókunnugt að mestu á miðöldum og varð ekki almennt þekkt fyrr en á endurreisnartímanum – og kemur því naumast heldur til greina. Enn annað safn er kennt við Romulus nokkurn, einnig heiðinn fornaldarmann. Það er til í ýmsum gerðum frá ýmsum tímum og hefur í lengstu gerð dæmisögur af dýrunum sem fyrir koma í formála *Adonias sögu*.<sup>8</sup> Þessar sögur hafa þó ekki verið í latnesku skólabókunum sem notaðar voru á Íslandi á 13. og 14. öld af því að Romulus versaði ekki sögur sínar í kvæði heldur setti þær saman í óbundnu máli. Misræmi í efnisatriðum staðfestir jafnframt að hvorki Phaedrus né Romulus voru notaðir í *Adonias sögu*-formálann (sjá neðar).

Einhvern tíma fyrir 1200 tók skólamönnum að þykja efnið í *Liber Catonianus* heldur fornt og höfundarnir ókristnir. Þá voru yngri skáld, þ.e. kristnir miðaldahöfundar, látin leysa einhverja fornaldartextanna af hólmi en auk þess var verkunum fjölgað um tvö og gat þá heitið *Octo au(c)tores*. Þá var Esóp Avianusar skipt út fyrir annan Esóp einnig kveðinn undir elegíuhætti, samtals 58 dæmisögur, en með heldur meiri blóma í stílnum. Höfundur þessa kvæðabálks er óþekktur en til hans er vísað sem Anonymus Neveleti (eftir útgefandanum eins og nafn hans birtist í

8 *Der Lateinische Äsop des Romulus und die Prosa-Fassung des Phädrus*, útg. G. Thiele (Heidelberg: Carl Winter, 1910), 58–61.

titli fyrstu útgáfunnar 1610: *Isaaci Nicolai Neveleti Mythologia Aesopica*) ef hann er þá ekki nefndur *Romulus elegiacus* vegna þess að hann hafði versað undir elegískum hætti ofan nefndar lausamálsföblur eftir Romulus. Lærður lesandi á 13.–15. öld sem þekkti dæmisögur Esóps á latínu er raunar líklegastur til að hafa lesið þær í þessum búningi. Í föblum þessa óþekhta skálds er 2. dæmisaga um hrafn og ref en sú 15. um úlf og lamb.

Nú vill svo til að leifar íslenskra lestexta á latínu af gerð sem líkist yngri flokknum af *Liber Catonianus* eru varðveittar í tveimur skinnbrotum frá 13. öld, Þjms frag 103 og Þjms frag 104. Á þetta benti nýlega norsk fræðikona, Áslaug Ommundsen, sem hefur sérhæft sig í ráðningu latinubrota frá Norðurlöndum.<sup>9</sup> Umrædd brot eru tveir tvíblöðungar sem raktir hafa verið til sömu skinnbókarinnar. Þjms frag 104 geymir tvíhendur úr 4. bók *Disticha Catonis* en Þjms frag 103 texta úr dæmisögum Esóps. Dæmisögur 9–11 og 19–20 í þessu safni eru allar heilar en auk þess hafa varðveist brot úr 8., 12., 18. og 21. dæmisögu. Því miður eru 2. og 15. dæmisagan, þær sem notaðar eru í *Adonias sögu*, ekki varðveittar. Ekki þarf samt að efast um að þær hafi verið í sömu bók þótt nú séu blöðin týnd sem þær voru skrifaðar á. Ætla má út frá samanburði við heildartexta dæmisagnanna í prentuðum útgáfum að hann hafi þakið 16 blöð eða 32 blaðsíður í þessu handriti þegar það var heilt.<sup>10</sup> Bókin hefur geymt tvö af verkunum sem heyra til í *Liber Catonianus* og þar hafa hugsanlega verið fleiri kvæði, jafnvel átta, svo kalla hafi mátt kverið *Octo au(c)tores*. Við vitum þó aðeins fyrir víst að í þessari bók voru *Disticha Catonis* og *Fabulae Esopicae*. Lítið er vitað um uppruna Þjms frag 103 og Þjms frag 104 og enginn hefur hirt um að skrá úr bandi hvaða bóka þessi brot eru komin. Brotin tvö eru þó örugglega varðveitt á Íslandi og bersýnilega skrifuð þar, líklega í einhverju Benediktusklaustranna á Norðurlandi, svo sem sjá má af því hvernig farið er með síðasta bókstaf eða tákn í hverri línu kvæðanna. Sama aðferð til að skrifa latnesk kvæði er nefnilega viðhöfð í allmörgum

9 Áslaug Ommundsen. „Traces of Latin Education in the Old Norse World,“ *Intellectual Culture in Medieval Scandinavia, c. 1100–1350*, ritstj. Stefka G. Eriksen. Disputatio 28 (Turnhout: Brepols, 2016), 252–57.

10 Astrid Marner og Gottskálf Jenson, „Seven pieces of Latin poetry: A study in the *mise-en-page* and poetic style of medieval Icelandic-Latin verse,“ *Res, Artes et Religio: Essays in honour of Rudolf Simek*, ritstj. Sabine Walther, Regina Jucknies, Judith Meurer-Bongardt og Jens Eike Schnell (Leeds: Kismet, 2021), 388–93.

öðrum íslenskum handritum þótt hún sé annars mjög sjaldséð í vestrænum handritum.<sup>11</sup>

Hér er þá komin möguleg heimild höfundar *Adonias sögu* og þarf þá ekki að leita hennar utan landsteinanna. Auðvitað þarf höfundurinn ekki að hafa notað nákvæmlega þetta handrit því gera má ráð fyrir að fleiri íslenskar skólabækur hafi verið til með sama efni. En það er engu að síður mögulegt að hann hafi þekkt einmitt þetta handrit, til að mynda ef hann hefur lært við sama norðlenska klaustrið og átti handritið. Ef við skoðum hvernig þessar dæmisögur eru endursagðar á íslensku í *Adonias sögu* og berum það saman við latneska textann sjáum við að líklega er um að ræða endursögn eftir minni. Við það kemur fátt á óvart því dæmisögurnar eru bæði stuttar og eftirminnilegar og skólapiltum var eflaust uppálagt að læra þær utanbókar. Flest þau atriði sem koma fram í íslensku endursögninni er einnig að finna í latnesku gerðinni en auk þess mun ég benda á nokkur stíleinkenni sem eru sameiginleg.

Áður hefur söguhöfundinum orðið tíðrætt um hvernig fátækir menn og lærðir verði undir í átökunum við ríka menn („Nú er þat sýnt at heimurinn hatar hvern fátækann þótt margt gott kunni, þá er þat þó rétt skynsemi at eigi virði menn svá andaligar guðsgjafir. En sá er reiknaðr vitraztr er smásmugligazt færri at fénu komizt, hvort er þat verðr með nokkurri kúgan eður klókligri sléttmælgí.“) og heldur svo áfram:

Slíkum greinum hæfa þær fabulas sem fróðir menn hafa versað, ok ein af þeim var svá fallin at einn hrafn hafði sér til saðningar fengit eitt ostbrýni, ok til þess at hann mætti þá náðuligar neyta sinn snæðing flaug hann í skóg nokkurn og settiz í hátt tré. Undir trénu var einn refur hungraðr ok sér hrafninn með þat tafn sem hann hafði sér fengit og gjörðizt mjög lystugr til og hugðizt neyta skylldu vizku og slægðar, og sem hann væri þessi orð til hrafnsins talandi: „Heyr, hinn virðuligi fugl er kallazt bróðir þess fugls er svanr heitir, fagr sem Fenix, ok ekki vætta skortir þig við þinn bróður svan utan þat eitt, at þinn söngr er ei svá sætr sem hans er, ok því er svá at þú hefir þess ei freista viljat hér til, ok berr þér vel at prófa þína raust er þig skortir mest áðr.“ Hrafninn varð reifr mjög við sléttmælgí þessa, ok hyggzt nú skulu prófa sína raust, lengir nú hálsinn og hreyfir fiðrit,

11 Sama rit, 386–88.

opnar nú klofann og kann sig nú varla, ætlar nú at reyna raustina ok rekr upp skræktinn, missir nú kostinn og fellir niður ostinn. En Rebbi var nærr staddr, tók og át, en hrafninn flaug í brott ginntur ok gabbaðr. Svo færri ok vitur maðr ginnt þann sem grunnsærr er, svá at hann færri með orðlofi lokkað hann til fjárláts.<sup>12</sup>

Svo hljóðar dæmisagan bundin í elegísk vers hins óþekktá latneska skálds:

15. De vulpe et coruo

Vulpe gerente famem coruum gerit arbor et escam  
 Ore gerens coruus vulpe loquente silet.  
 Corue decore decens, cygnum candore parentas.  
 Si cantu placeas, plus aue quaque places.  
 Credit auis pictæque placent præludia linguæ.  
 Dum canit ut placeat, caseus ore cadit.  
 Hoc fruitur vulpes, insurgunt tædia coruo.  
 Asperat in medio dampna dolore pudor,  
 Fellitum patitur risum, quem mellit inanis  
 Gloria; vera parit tædia falsus honor.<sup>13</sup>

Stíll íslensku dæmisögunnar er hinn svokallaði blómaði stíll (danska: *florissant stíl*) sem mikið var ræddur í greinum fræðimanna á 20. öld, einkum af þeim sem bentu á að þessi stíltægund þyrfti ekki að vera ávísun á þýðingu úr latínu heldur gætu slíkir textar allt eins verið frumsamdir á norrænu.<sup>14</sup> Þó virðist ljóst að blómaði íslenski stíllinn er innblásinn af latneskum stíl eins og sést á þessari versuðu dæmisögu. Líkt og íslenskan er latínan bæði stuðluð og rímuð. Kveður svo ramt að þessu að eigi þarf að benda á sérstök dæmi heldur er lesandanum látin eftir sú skemmtun að

- 12 *Late Medieval Icelandic Romances* III, útg. Agnete Loth, 71–72. Framsetning textans hér er nokkuð meira samræmd en í útgáfunni. Hið sama gildir um aðrar tilvitnanir til sögutextans.
- 13 15. dæmisagan er ekki í Þjms frag 103, eins og áður sagði, og verður því að sækja hana til prentaðrar útgáfu sama texta, *Mythologia Aesopica*, útg. Isaacus Nicolaus Neveletus (Frankfurt: Nicolas Hoffmann, 1610), 497. Greinarmerkjasetning er einfölduð hér en auk þess er lesið ‘medio’ í stað ‘modico’ í 8. línu kvæðisins.
- 14 Stutta samantekt um þetta gamla þrætuepli í fræðunum, sem stundum er snúið á haus og misskilið svo að blómaði stíllinn veiti einhverja vísbendingu um að texti sé frumsaminn, má finna hjá Þorleifi Haukssyni og Þóri Óskarssyni, *Íslensk stílfraði* (Reykjavík: Styrtkarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, Háskóla Íslands), 177–78.



finna staðina. Ef nefna skal efnislegar hliðstæður má benda á að refurinn ber hrafnninn saman við svan í þriðju línu kvæðisins: *Corue decore decens, cygnum candore parentas. / Si cantu placeas, plus aue quaque places* („Skinandi fagri krummi, um bjarta ásjónu kippir þér í kyn svansins. / Kunnirðu einnig að skemmta með söng, berðu af hverjum fugli“). Þennan samanburð hrafnsins við svaninn er hvorki að finna í sömu dæmisögu á grísku né í sambærilegri predikun eftir Jacques de Vitry, hvað þá í lausamálsdæmisögum Romulusar. Önnur söfn með sögum Esóps hafa ekki þessa dæmisögu, svo samanburður við þau kemur ekki til greina. Hér er þá komin skýr efnisleg tenging milli formála *Adonias sögu* og 15. dæmisögu í versum eftir Anonymus Neveleti, sem við höfum séð að var til á Íslandi á 13. öld (sbr. Þjms frag 103). Vissulega hefur sagan verið endursamin töluvert. Í íslensku gerðinni kallar rebbi krumma bróður svansins, sem þó gæti verið skapandi misskilningur á latneska sagnorðinu *parentas* („þú hyllir látinn frænda [með fórn/blóðhefnd]“), sem er fremur fátítt í svo yfirfærðri merkingu sem hér bregður fyrir. Eins virðist í latneska kvæðinu ekki vísað til svanasöngs heldur fuglasöngs almennt en íslenski höfundurinn veit (einn allra í varðveittum forníslenskum heimildum) að söngur svansins er sætur: „ekki vætta skortir þig við þinn bróður svan utan þat eitt, at þinn söngur er ei svá sætr sem hans er.“ Auk þess er fuglinn F(o)enix eða Fönix ekki nefndur í latínunni, hvað þá heldur að hrafninum sé líkt við hann að fegurð. Ævintýrafuglinn Fönix var samt þekktur á Íslandi og er nefndur í tveimur frumsömdum riddarasögum frá sama tímabili og *Adonias saga*, *Flóres sögu konungs og sona hans* og *Jarlmanns sögu ok Hermanns*. Gæti það bent til einhverra tengsla á milli þessara sagna. Því er næsta víst að höfundur *Adonias sögu* hefur sjálfur bætt þessum kynjafugli við dæmisöguna, þótt það sé gert með fullri virðingu fyrir þeim anda sléttmælgis, skjalls og háðungar sem einkennir orð refsins.

Lítum þá á söguna af úlfi og lambi, sem er töluvert styttri en fyrri sagan í endursögn höfundar *Adonias sögu*:

En ef valdzmaðurinn ágjarn færri eigi með því fengit mútuna þá ógnar hann lítilhugaðan mann, svá at af óttanum þorir hann eigi annat en láta til slíkt er hinn ágjarni krefr. Ok til líkingar segizt sú fabula at vargur ok lamb drukku báðir samt úr einu vatnfalli ok þó lambit neðar, ok gaf vargrinn lambinu þá sök at þat spillti vatninu



fyrir honum, ok sagði þat hafa nóga dauðasök og svalg hann lambit, ok saddi svo sinn kvið. Meðr þeim hætti læzt hinn klóki valdzmaðr sýna nokkurn lagalit fyrir óvitrum mönnum, ok verðr af ofríki til at láta er hinn ágjarni krefr.<sup>15</sup>

Svo hljóðar sama dæmisaga í meðförum hins skrudmáluga Anonymus Neveleti:

## 2. De Lupo et Agno

Est Lupus, est Agnus: sitit hic, sitit ille: fluenti  
 Limite non æquo, quærit uterque viam.  
 In summo bibit amne Lupus, bibit Agnus in imo,  
 Hunc timor impugnat, verba monente Lupo:  
 Rupisti potumque mihi, riuique decorem.  
 Agnus utrumque negat, se ratione tuens:  
 Nec tibi, nec riuo nocui; nam prona supinum  
 Nescit iter, nec adhuc unda nitore caret.  
 Sic iterum tonat ore Lupus: Mihi damna minaris?  
 Non minor, Agnus ait. Cui Lupus: Imo facis.  
 Fecit idem tuus ante pater, sex mensibus actis:  
 Cum bene patresses, crimine patris obi.  
 Agnus ad hæc: Tanto non vixi tempore, prædo.  
 Cui Lupus: An loqueris, furcifer? huncque vorat.  
 Sic nocet innocuo nocuus, causamque nocendi  
 Invenit. Hi regnant qualibet urbe lupi.<sup>16</sup>

Hér er fátt nákvæmlega eins þótt dæmisagan sé auðsæilega hin sama. 5. lína er þó þýdd nánast orðrétt í íslensku endursögninni: *Rupisti potumque mihi, riuique decorem* / „gaf vargrinn lambinu þá sök at þat spillti vatninu fyrir honum;“ eins er raunalegum örlögum saklausa lambsins lýst með álíka snaggaralegum hætti í þremur orðum: *huncque vorat* / „svalg hann lambit.“ En málsvörn lambsins og ósvífin svör vargsins, sem allt er ítarlega fram sett í latneska kvæðinu, hefur þurft að víkja í endursögninni fyrir hneykslun höfundar *Adonias sögu* á grimmilegu athæfi úlfins. Og kannski einnig af því að þrætan þeirra í milli festist ekki eins auðveldlega í minni og myndræn

15 *Late Medieval Icelandic Romances* III, útg. Agnete Loth, 72–73.

16 *Mythologia Aesopica*, útg. Isaacus Nicolaus Neveletus, 487–88.

atburðarásin. Boðskapur sögunnar í meðförum Íslendingins ber þó keim af latneska skáldinu, því hann skrifar að „[m]eðr þeim hætti læzt hinn klóki valdzaðr sýna nokkurn lagalit fyrir óvitrum mönnum“ þegar það yrkir: *Sic nocet innocuo nocuus, causamque nocendi / Invenit* („Með þeim hætti beitir sekur maður saklausan ofríki, og finnur upp sök sem réttlætir ofríkið“).

Formáli *Adonias sögu* veitir nútímalesanda fágætt innsæi í túlkunarfræði miðalda og hinn kennilega eða siðferðilega boðskap með sagnasmíð sem þessari því líkt og dæmisögur Esóps eru skýrðar til fullnustu – sem annars er sjaldnast háttur íslenskra sögumanna – þá eru í formálanum lykjar að túlkun atburðanna í *Adonias sögu*. Sögumanni er raunar mikið niðri fyrir og hann vill að lesandi sinn viti að með því að skrifa söguna „þá [gekk honum] þat eigi til at hann [vildi] af nokkurri sinni malsnilld hrásan gjöra [þ.e. sýna menntahroka]“ heldur „sýnir þat í slíku [þ.e. að skrifa söguna] at hann hefir á fleira fest sinn hug en at auka eða ávaxta með ágirnd álmar eðr aura, sem nú er heimsins plag.“

Og hann heldur áfram:

Því at nálíga öll mannvizka önnr en þessi fordirfízt og færri engan framning, en sá skal hverr reiknazt vitur og vel færri er fjárins kann á flesta vega at afla. Því er vorkunn þeim er heiminn elska at þeir fýsízst fjárins mjög, því at aldrei nærr finnzt sá druss eða dárígr búnjörður at eigi sé hann reiknaður sem vitringur þegar hann er fjölskrúðígur at fénu. Þar til heyra þessi orð er einn klerkr kastaði fram svá segjandi:

*Vir lungi vestitus pro uestibus esse perditus.  
Creditur auullt quam vis in dicit sit ille.*

Þat hefir svo at seigja upp í vart mál:

Velklæddur maður, þá hyggja þat margir  
at hann sé vitringur þó hann sé skiptingur.<sup>17</sup>

Höfundur *Adonias sögu* fer hér með latnesk skrifaravers sem hann hefur þekkt úr handritum. Það er einkum af þessum versum sem við sjáum að handritið AM 593 a 4to, sem eitt varðveittra handrita geymir formálann,

17 *Late Medieval Icelandic Romances* III, útg. Agnete Loth, 70.

er uppskrift annars handrits, sem gerð er af skrifara sem virðist ekki hafa verið jafn vel skiljandi á latínu og höfundur *Adonias sögu*. Skrifaraversin eru nefnilega brengluð í fjórum orðum þótt þýðingin sé rétt, miðað við leiðréttan texta. Á þetta hefur þegar verið bent,<sup>18</sup> en það sem ekki hefur verið sýnt fram á áður er að þessi latnesku vers eru til í íslensku handriti sem ber sömu sjaldséðu einkennin í uppsetningu latínuversa og Esópsdæmisögur Anonymus Neveleti í Þjms frag 103, þ.e. að síðustu tákinn í hverri línu eru alltaf dregin til hægri og látin mynda lóðrétta línu.<sup>19</sup>

AM 732 b 4to er eitt sérkennilegasta handrit sem varðveitt er frá íslenskum miðöldum, sannkallað alfræðihandrit.<sup>20</sup> Það er tvítyngt og skrifað bæði á latínu og norrænu. Í því koma meðal annars fyrir dróttkvæðar vísur á latínu og það er prýtt níu skýringarteikningum, þar á meðal völundarhúsi og hringlaga Jórsalakorti, svo aðeins fátt eitt sé talið.<sup>21</sup> Handritið fékk Árni Magnússon í Gaulverjabæ árið 1703 en fleira en eitt bendir til uppruna á Norðurlandi meðal Benediktsmunka á fyrri hluta 14. aldar.<sup>22</sup> Á blaði 5r í þessu handriti er að finna heilan dálk skrifaraversa undir leónísku hexametri, þar á meðal þessi:

Vir bene vestitus pro vestibus ille peritus  
Creditur a mille qvamvis idiota sit ille

Villurnar í AM 593 a 4to eru greinilega gerðar af manni sem ekki gat lesið úr skriftinni í forritinu því ef hann hefði haft fyrir sér AM 732 b 4to, 5r, hefði hann ekki brenglað versunum. Hann hefur því lesið vísurnar í miklu verri uppskrift en þessari. Þýðing höfundar *Adonias sögu* á versunum miðast hins vegar við réttan latínutexta, og hann hefur þar af leiðandi þekkt versin óbrengruð, kannski úr AM 732 b 4to:

Velklæddur maður, þá hyggja þat margir  
at hann sé vitringur þó hann sé skiptingur.

18 Sverrir Tómasson, „The fræðisaga of Adonias,“ 382–83; *Formálar íslenskra sagnaritara*, 293–94.

19 Uppsetningin er rædd og dæmi gefin í Astrid Marner og Gottskálf Jensson, „Seven pieces of Latin poetry,“ 393–96.

20 Að einhverju leyti sambærilegt efni má finna í GKS 1812 4to og AM 415 4to, auk AM 736 I 4to, sem er tvíblöðungur.

21 Myndir af AM 732 b 4to má skoða á handrit.is.

22 Astrid Marner og Gottskálf Jensson, „Seven pieces of Latin poetry,“ 393–96.

Orðið „skiptingur“ er hér valið til þess að ríma á móti „vitringur“ en aðalmerking þess er bjáni eða fifl („fjols, tumpe, idiot,“ skv. forn málsorðabókinni í Kaupmannahöfn). Eins er þýðing fyrstu línunnar frjálsliga gerð af því að þýðandinn vill stuðla saman „maður“ og „margir“. Ég hef ekki fundið þessi sömu skrifaravers í öðrum íslenskum handritum en AM 732 b 4to en þau eru víða til í erlendum handritum og kunna að hafa staðið í fleiri íslenskum skinnbókum sem nú eru glataðar. Nauðsynlegt er að hafa í huga við slíkar athuganir að næstum öll íslensk latínurit glötuðust eftir siðaskiptin.

Dýraföblur Esóps voru allt frá fornöld notaðar sem viðmið um skáldskap í sögum sem ekki skyldi efast um að væru hreinn tilbúningur því allir vita að skynlausar skepnur tala ekki mannamál. Suðrænar fornaldarsögur eru í reynd álíka uppspuni og með því að stilla þessum tveimur bókmenntagreinum hlið við hlið sýnir höfundur *Adonias sögu* að fornaldarsögurnar átti að túlka siðferðilega ekki síður en dæmisögur Esóps. Til var heldur magnaðri grein miðaldabókmennta, dýrlingasögur, sem miðaldamenn töldu sjálfir ekki til skáldskapar (*fabulae*), þótt siðskiptafrömuðir á 16. öld gerðu svo. Þessi ólíka sýn á dýrlingasögur reyndist íslenskum latínubókum dýrkeypt. Í *Kirkjuordinansíu* Kristjáns III, sem aukin var af einum helsta samstarfsmanni Lúthers, Johannes Bugenhagen (†1558), og samþykkt af Lúther sjálfum, er munkum og reglubræðrum ráðið frá því að lesa dýrlingasögur, þótt slíkur lestur sé ekki bannaður, „ef einhver vill sóa tíma sínum“ (*si quis tempus perdere vult*), ekki frekar en lestur á „dæmisögum Esóps“ (*fabulas Æsopi*), sem þó „eru lærðar“ (*eruditionem habent*). Ástæðan fyrir þessari jákvæðu sýn á dæmisögur Esóps er sú að enginn þarf að trúá þeim en samkvæmt Bugenhagen notuðu munkarnir dýrlingasögurnar, sem kallaðar eru „mesta þvæla og fábyljur“ (*inemptissimae fabulae*) og „hafsjór lygi“ (*maria mendaciorum*), til þess að útbreiða hjátrú.<sup>23</sup> Hatur siðskiptamanna á dýrlingasögum leiddi til gjöreyðingar latneskra bóka á Norðurlöndum, ekki aðeins dýrlingasagna á latínu heldur nánast alls efnis á latínu sem fyrirfannst hér á landi.<sup>24</sup> Það er því ekki á hverjum degi sem finnast leifar tveggja latneskra bóka íslenskra sem virðast hafa verið nýttar í söguþibúning á norrænu.

23 DIX, 312.

24 Um leifar íslenskra latínubóka, sjá Guðvarð Má Gunnlaugsson, „Latin fragments related to Iceland,“ *Nordic Latin manuscript fragments: The destruction and reconstruction of Medieval books*, ritstj. Áslaug Ommundsen & Tuomas Heikkilä (London: Routledge), 2017.

## HEIMILDIR

## HANDRIT

*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík*

AM 415 4to	Þjms frag 103
AM 593 a 4to	Þjms frag 104
GKS 1812 4to	

*Den Arnamagnæanske samling, Institut for Nordiske studier og Sprogvidenskab, Københavns Universitet, Kaupmannahöfn*

AM 732 b 4to  
AM 736 I 4to

## ÚTGÁFUR

*Aisopeion Mython synagoge. Fabulae Aesopicae collectae*, útg. Carl Halm. Leipzig: Teubner, 1889.

*Aesopus Latinus*, útg. Hans Draheim. *K. Wilhelms-Gymnasium in Berlin. Schuljahr 1892/93. Jahresbericht*, ritstj. O. Kübler. Berlin: Von Trowitzsch & Sohn, 1893, 1–36.

*Diplomatarium Islandicum / Íslenzkt fornbréfasafn X*, útg. Jón Þorkelsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1911–21.

*Late Medieval Icelandic Romances I–V*, útg. Agnete Loth. *Editiones Arnamagnæanae B 20–24*. Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1962–65.

*Der Lateinische Äsop des Romulus und die Prosa-Fassung des Phädrus*, útg. G. Thiele. Heidelberg: Carl Winter, 1910.

*Mythologia Aesopica*, útg. Isaacus Nicolaus Neveletus. Frankfurt: Nicolas Hoffmann, 1610.

*The Exempla, or Illustrative stories from the Sermones Vulgares of Jacques de Vitry*, útg. Thomas Frederick Crane. *Publications of the Folklore Society 26*. London: David Nutt, 1890.

„Om rævestreger: et kapitel i Adonius saga,“ útg. Ole Widding. *Opuscula I*, ritstj. Jón Helgason. *Bibliotheca Arnamagnæana 20*. Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1960, 331–34.

## FRÆÐIRIT

Ciklamini, Marlene. „Exempla in an old norse historiographic mold.“ *Neophilologus* 81:1 (1997): 71–87.

Guðvarður Már Gunnlaugsson. „Latin fragments related to Iceland.“ *Nordic Latin manuscript fragments: the destruction and reconstruction of Medieval books*, ritstj. Áslaug Ommundsen & Tuomas Heikkilä. London: Routledge, 2017, 163–83.

- Kalinke, E. Marianne, og P. M. Mitchell. *Bibliography of Old Norse–Icelandic Romances. Islandica 44*. Ithaca: Cornell University Press, 1985.
- Loth, Agnete. „To blade af Adonias saga.“ *Opuscula III*, ritstj. Jón Helgason. Bibliotheca Arnarnagæana 29. Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1967, 194–97.
- Marner, Astrid, og Gottskálk Jensson. „Seven pieces of Latin poetry: A study in the *mise-en-page* and poetic style of medieval Icelandic-Latin verse.“ *Res, Artes et Religio: Essays in honour of Rudolf Simek*, ritstj. Sabine Walther, Regina Jucknies, Judith Meurer-Bongardt og Jens Eike Schnell. Leeds: Kismet, 2021, 385–414.
- Ommundsen, Áslaug. „Traces of Latin Education in the Old Norse World.“ *Intellectual Culture in Medieval Scandinavia, c. 1100–1350*, ritstj. Stefka G. Eriksen. Disputatio, 28. Turnhout: Brepols, 2016, 234–362.
- Schlauch, Margaret. *Romance in Iceland*. London: Allen & Unwin, 1934.
- Sverrir Tómasson. *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum: könnun lærðra ritbefða*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Rit 33. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1988.
- — —. „The fræðisaga of Adonias.“ *Structure and Meaning in Old Norse Literature: New Approaches to Textual Analysis and Literary Criticism*, ritstj. John Lindow, Lars Lönnroth og Gerd Wolfgang Weber. The Viking Collection 3. Odense: Odense University Press, 1986, 378–93.
- Thompson, Stith. *Motif-index of folk-literature: a classification of narrative elements in folktales, ballads, myths, fables, mediaeval romances, exempla, fabliaux, jest-books, and local legends. Revised and enlarged edition*. Bloomington: Indiana University Press, 1955–58.
- Zitzelsberger, Otto J. „Adonias saga.“ *Medieval Scandinavia: An Encyclopedia*, ritstj. Phillip Pulsiano og Kirsten Wolf. New York: Garland, 1993, 2.
- Porleifur Hauksson og Þórir Óskarsson. *Íslensk stilfræði I*. Reykjavík: Styrktar-sjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, Háskóla Íslands, 1994.

## ÁGRIP

Tvær dæmisögur Esóps og latnesk skrifaravers í formála *Adonias sögu* og tengsl þeirra við latínubrotin í Þjms frag 103, 104 og AM 732 b 4to

**Efnisorð:** Íslenskar miðaldabókmenntir, riddarasögur, Benediktsklaustur, latínumenning á Íslandi, íslensk handrit, latnesk brot, dæmisögur Esóps, skrifaravers

Í greininni eru tvær dæmisögur Esóps, sem endursagðar eru í formála *Adonias sögu*, raktar til latnesks dæmisagnasafns í bundnu máli eftir óþekktan höfund sem kallaður hefur verið Anonymus Neveleti (eða Romulus elegiacus), en brot úr þessu kvæðasafni eru varðveitt á tveimur íslenskum tvíblöðungum (Þjms frag 103 og 104) sem líklega eiga uppruna sinni í Benediktsklaustrunum á Norðurlandi. Höfundur

greinarinnar gerir leit að dæmisögunum tveimur í hinum ýmsu kvæða- og lausamálssöfnum kenndum Esópi úr fornöld og frá miðöldum og kemst að þeirri niðurstöðu að hinn óþekkti höfundur *Adonias sögu* hljóti að hafa þekkt þær í þessari ákveðnu gerð á latínu jafnvel þótt endursögn hans sé frjálssleg og væntanlega samin eftir minni. Auk þess eru borin kennsl á frumtexta tveggja latneskra skrifaraversa, sem einnig er vitnað til í formála sögunnar, í tvítyngdu alfræðihandriti íslensku, AM 732 b 4to, er sömuleiðis má rekja til norðlenskra Benediktismunka. Í þriðja lagi leggur höfundur greinarinnar til að innskot dæmisagnanna tveggja í formála *Adonias sögu*, sem er frumsamin íslensk riddarasaga, sé vísbending um að söguna eigi að túlka eins og dæmisögu, þ.e.a.s. að hún sé ekki aðeins skemmtun heldur flytji í einhverjum skilningi siðferðilegan boðskap.

## S U M M A R Y

Two Æsopic fables and some Latin scribal verses in the prologue to *Adonias saga*, and their connection to the Latin fragments in Þjms frag 103, 104, and AM 732 b 4to.

**Keywords:** Medieval literature of Iceland, chivalric literature, Benedictines monastic houses, Latin culture in Iceland, Icelandic manuscripts, Latin fragments, Æsopic fables, scribal verses

The author of this article conclusively traces the source of the two Aesopic fables retold in the prologue to *Adonias saga* to the medieval collection of Latin fables known as Anonymus Neveleti (alias Romulus elegiacus), fragments of which are preserved in two Icelandic vellum bifolia (Þjms frag 103 and 104) that probably originate from the Benedictines monastic houses of North Iceland. In a review of various ancient and medieval collections of Aesop's fables, the author concludes that the unknown Icelandic author of *Adonias saga* must have been familiar with the two fables in this particular Latin version, even though his Icelandic rendering of them is free and likely based on memory. A parallel to a Latin couplet cited in the prologue is furthermore identified in a bilingual encyclopædic manuscript, AM 732 b 4to, also associated with the northern Benedictines. The author of the article suggests the possibility that the incorporation of two Aesopic fables in the prologue to *Adonias saga*, a *riddarasaga*, is an indication that such sagas ought to be interpreted like fables, that is not only read as entertainment but also as ethical instruction.

Gottskálk Jensson  
Hagamel 12  
107 Reykjavík  
gthj@hi.is